# AUGLÝSING

**um vinnumiðlun í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

28. marz. Nr. 61.

# AUGLÝSING

**um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

29. marz. Nr. 62.

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.**

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur ráðuneytið hinn 6. marz 1963 staðfest meðfylgjandi skipulagsuppdrátt af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1963.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*




HVERFISGATA, AÐ SUNNAN




BANKASTRÆTI OG LAUGAVEGUR, AÐ NORÐAN




MÆLIKVARÐI 1:500






SMIÐJUSTÍGUR, AÐ VESTAN




INGÓLFSSTRÆTI, AÐ AUSTAN



SKURÐUR A-A

## LÝSING

STÆRÐ REITSINS ER NETTÓ C. 7250 $M^2$, EN ÞAÐ ER SAMANLAGT FLATARMÁL LÓÐA OG TRAÐARKOTSSUNDS. EF MEÐ ER TALINN HELMINGUR AF BREIDD AÐLIGGJANDI GATNA, ER STÆRÐ HANS BRÚTTÓ C. 9700 $M^2$. GRUNNFLÖTUR BYGGINGA, SEM FYRIRHUGAÐ ER AÐ STANDI Á REITNUM, ER C. 4370 $M^2$, OG SAMANLAGÐUR GÓLFFLÖTUR ÞEIRRA 12300 $M^2$. ÓBYGGT SVÆÐI Á REITNUM ER ÞVÍ 2880 $M^2$. NÝTING REITSINS VERÐUR:

$$e \text{ NETTÓ} = \frac{12300}{7250} = 1{,}70, \quad e \text{ BRÚTTÓ} = \frac{12300}{9700} = 1{,}27.$$

BYGGINGAR Á REITNUM ERU FYRIRHUGAÐAR UNDIR VERZLANIR OG SKRIFSTOFUR. VIÐ INGÓLFSSTRÆTI ER FYRIRHUGUÐ ÞRIGGJA HÆÐA BYGGÐ, 14,5 M DJÚP OG ER NEÐSTA HÆÐIN INNDREGIN UM 3,5 M FYRIR GANGST., TIL BREIKKUNAR Á GÖTUNNI. VIÐ HVERFISGÖTU ER FYRIRHUGUÐ ÞRIGGJA HÆÐA BYGGÐ, 12 M DJÚP, DREGIN INN 11,5 M FRÁ LÓÐAMÖRKUM, EN SLITIN SUNDUR Á 8,5 M KAFLA UM TRAÐARKOTSSUND OG MEÐ UNDIRGANGI 6 M BREIÐUM Í 2,8 M FJARLÆGÐ FRÁ SUÐAUSTUR HLIÐ HÚSA VIÐ INGÓLFSSTRÆTI. SKAPAST HÉR RÝMI FYRIR 17 BÍLASTÆÐI. VIÐ SMIÐJUSTÍG ER EINNIG FYRIRHUGUÐ ÞRIGGJA HÆÐA BYGGÐ, 11,5 M DJÚP OG ÞAR Á BAK VIÐ EINNAR HÆÐAR BYGGING Á SÚLUM, 6 M DJÚP, EN UNDIR HENNI BÍLASTÆÐI. VIÐ SMIÐJUSTÍG ER BYGGINGARL. 3,25 M FRÁ LÓÐAMÖRKUM. FÁST ÞAR 16 BÍLASTÆÐI. VIÐ LAUGAVEG OG BANKASTR. ER FYRIRHUGUÐ FJÖGURRA HÆÐA BYGGÐ, 13,5 M DJÚP, OG ER NEÐSTA HÆÐIN INNDREGIN UM 4,6 M, SÚLUR INNIFALDAR. SKAPAST VIÐ ÞAÐ 14 BÍLASTÆÐI. AÐ BAKI FJÖGURRA HÆÐA BYGGÐARINNAR ER EINNAR HÆÐAR BYGGÐ Á SÚLUM, 9 M DJÚP, EN ÞAR UNDIR BÍLASTÆÐI.

BYGGJENDUR VERÐA AÐ LEGGJA TIL 1 BÍLASTÆÐI (25 $M^2$) Á HVERJA 90 $M^2$ GÓLFFLATAR (OFAN KJALLARA). EF BYGGJANDI GETUR EKKI LAGT TIL BÍLASTÆÐI SKV. ÞVÍ Á LÓÐ SINNI, VERÐUR HANN AÐ SEMJA VIÐ BORGARRÁÐ UM BÍLASTÆÐI UTAN LÓÐAR SINNAR.

## SKIPULAG REYKJAVÍKUR

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR REITS 15 OS, SVÆÐIS MILLI HVERFISGÖTU, SMIÐJUSTÍGS, LAUGAVEGS, BANKASTRÆTIS OG INGÓLFSSTRÆTIS.

UPPRUNALEGA GERÐUR Í DES. 1961 OG AUGLÝSTUR, EN ÞANNIG SAMÞYKKTUR Í BORGARRÁÐI ÞANN 11. 9. 1962

Aðalsteinn Richter

SAMÞYKKTUR Í BORGARSTJÓRN REYKJAVÍKUR.
REYKJAVÍK ÞANN 8. 10. 1962

Geir Hallgrímsson

ÞESSI SKIPULAGSUPPDRÁTTUR ER SAMÞYKKTUR OG AFGREIDDUR TIL STJÓRNARRÁÐSINS TIL STAÐFESTINGAR.

SKIPULAGSNEFND RÍKISINS
REYKJAVÍK ÞANN 5. 3. 1963

Hörður Bjarnason
Sigurður Jóhannsson
Aðalsteinn Júlíusson
Zóphónías Pálsson

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR ÞESSI STAÐFESTIST HÉR MEÐ SAMKVÆMT LÖGUM NR. 55, 27. JÚNÍ 1921 TIL AÐ GILDA SEM SAMÞYKKT UM SKIPULAG REITSINS 15 OS OG BIRTIST TIL LEIÐBEININGAR OG EFTIRBREYTNI ÖLLUM SEM HLUT EIGA AÐ MÁLI.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
6. 3. 1963

Emil Jónsson

Hjálmar Vilhjálmsson